

Leiðbeiningar vegna umsókna um sanngirnisbætur

úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 47/2010

- vegna misgjörða á stofnunum fyrir fötluð börn fyrir 1. febrúar 1993 -

Fyrir hverja?

Fatlað fólk sem á barnsaldri var í sólarhringsvistun á opinberum stofnunum fyrir fötluð börn geta sótt um sanngirnisbætur, hafi þeir orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi. Vistunin þarf að hafa farið fram fyrir 1. febrúar 1993.

Hvers vegna?

Sanngirnisbætur eru greiddar til þeirra sem urðu fyrir varanlegum líkamlegum, sálrænum eða félagslegum skaða vegna illrar meðferðar meðan á dvöl þeirra stóð.

Ofbeldi eða ill meðferð getur verið;

- Þegar einhver meiðir þig eða lætur þér líða illa.
- Þegar einhver hótar þér, gerir lítið úr þér eða lætur þér líða illa.
- Þegar einhver meiðir þig, hrindir þér, klípur eða sparkar í þig.
- Þegar einhver neyðir þig til að gera eitthvað kynferðislegt sem þú vilt ekki gera eða káfar á þér. Það þýðir að einhver annar snertir þig á kynferðislegan hátt þegar þú vilt það ekki.
- Þegar einhver neitar þér um aðstoð sem þú þarft nauðsynlega.

Á vef Þroskahjálpar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem einstaklingar eru hvattir til að skoða:

Hvernig er sótt um?

Sýslumaður auglýsir í blöðum og á vefmiðlum þegar hægt er að sækja um og senda inn umsóknir.

Sýslumaðurinn gefur út umsóknareyðublað. Umsóknareyðublaðið er hægt að fá á vefnum island.is eða hjá tengilið verkefnisins.

Í umsóknina þarf að skrá ýmis atriði svo sýslumaður átti sig m.a. á því hvar umsækjendur voru vistaðir í hverju ill meðferð og/eða ofbeldið fólst. Meðal þess sem þarf að skrá á eyðublaðið er;

- Nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda.
- Nafn, kennitölu og símanúmer þess sem aðstoðar við gerð umsóknar, ef við á.
- Hvaða stofnun umsækjandi var vistaður á. Hafi umsækjandi verið vistaður á fleiri en einni stofnun þarf að skrá þær allar á eyðublaðið.
- Yfir hvaða tíma umsækjandinn var vistaður.
- Frásögn á því ofbeldi og/eða illri meðferð sem umsækjandi varð fyrir.
- Hvernig voru aðstæður umsækjanda áður en hann var vistaður á stofnuninni.
- Hvernig voru aðstæður umsækjanda eftir vistunina.

Á umsókninni getur umsækjandi gefið sýslumanni leyfi til að skoða gögn sem eru til um hann til frekari skýringar á vistuninni ef hann vill. Þetta getur verið skráningar og skrif í dagbækur um daglegt líf á

stofnuninni og annað sem skráð hefur verið um umsækjanda. Þessi gögn geta hjálpað sýslumanni við að afgreiða umsóknir.

Ef umsækjandi ákveður að gefa ekki leyfi til að skoða þessi gögn þá má sýslumaður ekki gera það.

Sýslumaður þarf alltaf að fá staðfestingu um að umsækjandi hafi verið á viðkomandi stofnun á þeim tíma sem umsækjandi tekur fram í umsókninni.

Umsækjandi má líka senda inn þau gögn sem hann vill og skipta máli fyrir umsóknina.

Umsækjandi þarf að skrifa undir umsóknina, eftir því sem hægt er.

Umsækjandi getur valið að fá aðstoð við að fylla út umsóknina. Einstaklingur sem aðstoðar umsækjanda við að útbúa umsókn þarf að skrifa undir yfirlýsingu um að viðkomandi gæti hagsmuna umsækjanda. Yfirlýsingin skal undirrituð í viðurvist tveggja votta, tengiliðar eða réttindagæslumanns fatlaðs fólks og fylgja umsókninni.

Hægt er að fá upplýsingar og aðstoð við umsókn hjá starfsmanni dómsmálaráðuneytisins sem var ráðinn sérstaklega sem tengiliður vegna stofnana fyrir fötluð börn.

Tengiliður getur líka leiðbeint þeim sem vistaðir voru á stofnun og eiga um sárt að binda, um úrræði sem ríki og sveitarfélög bjóða uppá til dæmis til endurhæfingar og menntunar.

Tengiliður er Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir, þroskaþjálfari.

Réttindagæslumenn fatlaðs fólks geta líka veitt aðstoð.

Afgreiðsla umsókna:

Þegar umsóknarfrestur er útrunninn fer sýslumaður yfir allar umsóknir til þess að meta hverjir eiga rétt á að fá greiddar sanngirnibætur.

Ef einstaklingur á rétt á sanngirnibótum þarf sýslumaður að ákveða upphæð bóta og er sú ákvörðun tekin m.a. út frá því ofbeldi sem umsækjandi varð fyrir og í hversu langan tíma.

Einnig er skoðað hvaða afleiðingar vistunin hafði á líf og tækifæri umsækjanda eftir vistunina.

Ef sýslumaður metur að umsækjandi hafi orðið fyrir illri meðferð eða ofbeldi og skilyrðum laga er fullnægt að öðru leyti, fær hann sent bréf frá sýslumanni. Í bréfinu kemur fram tilboð um fjárhæð bóta.

Upphæðir sanngirnibóta geta verið mismunandi á milli umsækjanda.

Umsækjandi hefur 30 daga til að ákveða hvort hann samþykkir eða ekki. Ef hann samþykkir tilboðið eru bæturnar lagðar inn á reikning umsækjanda. Það er almennt gert innan 30 daga frá því að samþykkið berst sýslumanni.

Ef sýslumaður telur að umsækjandi eigi ekki rétt á bótum eða ef umsækjandi er ekki ánægður með niðurstöðu sýslumanns (fjárhæð bóta) getur hann óskað eftir því að sérstök úrskurðarnefnd endurskoði niðurstöðu sýslumanns.

Þetta verður að gera innan þriggja mánaða frá dagsetningu bréfs sýslumanns.

Ef sá sem á rétt á sanngirnibótum fellur frá fyrir eða eftir að umsókn hefur verið skilað inn, eru næstu ættingjar hvattir til að leita til sýslumanns eftir leiðbeiningum.